

Nd.

197. Frumvarp

til laga um viðauka við lög nr. 40, 30. júlí 1909, um sóknargjöld.

Flutningsm.: Haraldur Guðmundsson, Bjarni Ásgeirsson, Magnús Torfason.

1. gr.

Undanþegnir gjöldum þeim, er ræðir um í 2. og 7. gr. laganna, eru, auk þeirra, sem þar greinir, allir þeir, sem hvorki eru í þjóðkirkjunni né öðru kirkjufélagi.

2. gr.

Lög þessi taka til sóknargjalda á árinu 1930, og fellur þá jafnframt úr gildi ákvæði 3. málsgreinar 60. gr. stjórnarskrárinnar um gjaldskyldu utanþjóðkirkjumanna til Háskóla Íslands.

Greinargerð.

Í 60. gr. stjórnarskrárinnar er mælt svo fyrir, að enginn megi »neins í missa af borgaralegum og þjóðlegum réttindum fyrir sakir trúarbragða sinna« og að »enginn er skyldur til að inna af hendi persónleg gjöld til neinnar annarar guðsdýrkunar en þeirrar, er hann sjálfur aðhyllist«.

Tilgangur þessara ákvæða er tvímælalaust sá, að lögfesta fullkomið trúarbragðafrelsi hér á landi.

En í 3. málsg. sömu greinar er svo fyrir mælt, að utanþjóðkirkjumenn,

sem eigi eru í öðrum viðurkenndum trúarbragðaflokki, skuli greiða kirkjulgjöldin til Háskóla Íslands. Með þessu ákvæði er lagður ankanefskattur, einskonar sektargjald, á þá menn og konur, sem hvorki eru í þjóðkirkjunni né öðru viðurkenndu kirkjufélagi. Fer þetta alveg í bága við anda og fyrirmæli greinarinnar, enda er svo fyrir mælt, að ákvæði þessu megi breyta eða nema það burt með einföldum lögum.

Í frv. er því lagt til, að ákvæði þetta sé felld úr stjórnarskránni. Greinarnar þarf ekki að skýra.